

# Í DÖGUN

## I

Lífið á jörðu hér er ekki líf, heldur vanlíf. Vanskapnaður, óhæfur til lífs. Allt það sem unun veitir, allt hið góða og hið fagra, er einungis eins og ljósglæta, sem skín í gegnum ský, og þó skamma stund. Og því lengur sem lifað hefir verið, því verra hefir lífið orðið. Ekkert af börnum náttúrunnar hefir verið líkt því eins ófarsælt og mannkynið, sem er yngsta barnið. Fyrir löngu sagði gríski spekingurinn Epikúros, að best af öllu væri að hafa ekki fæðst. Og djúpvitrasti spekingur síðari tíma, Arthur Schopenhauer, sagði: „Das Leben ist etwas das besser nicht wäre.“ Það væri betra, að lífið væri ekki til. Og spekingar þessir hefðu rétt fyrir sér, ef ekki væri unnt að bæta þetta sem vér köllum líf, og breyta svo til, að í sannleika verði lifað. En það er það sem má. Maður, sem hefir verið mjög nálægt því kominn að biða fullan ósigur, í viðureign sem síðar mun þykja ekki ófróðleg, segir þetta hiklaust.

## II

Fyrir meir en 25 árum byrjaði ég að reyna til að skilja eðli svefnsins. Og árangurinn varð sá, að ég fann þennan lífskraft, sem svo mikið hefir verið talað um, en margir jafnvel neitað að til væri. Ég hefi fundið, að hinn lifandi líkami er aflvél, sem er hlaðin af utanaðkomandi krafti. Ef allir sem þetta lesa, væri mér svo vel samtaka, að þeir skildu að það er óhætt að treysta því fullkomlega, að ég segi satt, þá mundu þeir á sömu stundu finna kraftinn streyma í sig. Og að þeim krafti fylgir vit, mundu þeir fljótt geta markað af því, hversu miklu auðskildara margt mundi verða þeim eftir

en áður, og hversu margt fleira þeim kæmi í hug. Og ef vér værum svo þúsundum skipti, samtaka um hina nýju þekkingu, þá gætum vér haft nokkra stjórn á þessum krafti, sem magnar oss til lífs, og gert það sem kallað hefir verið kraftaverk. Af samstillingu vorri mundi það leiða, að áhrifin frá sterkum og góðum verum, sem í öðrum stöðum eiga heima, gætu komið hér fram. Og þau áhrif mundu fljótt leiða til þess að miklu auðveldara yrði að berjast gegn hinu margskonar böli jarðlífsins. Í veðurfari og gróðri mundi þeirra áhrifa verða vart. Ég er jafnvel að halda, að svo greinda menn og vel innrætta hitti orð mín fyrir, að á næsta hausti muni það vera orðið greinilegt, að eitthvað hafi miðað til þess að sumar og grasvöxtur yrði líkt því sem var, áður en loftslag hér breyttist á þann hátt, sem getið er um í ritgerðinni Ísland og Íslendingar.

### III

Muna verður eftir því að hér er byggt á þekkingu, sem áður hefir ekki til verið. Og ef menn lesa ritgerðirnar Hið mikla samband, Lífgeislan og magnan, Stjörnulíffræði, og enn aðrar í Nýal, þá munu þeir skilja, á hverskonar þekkingu er byggt það sem hér er sagt. En annars þarf ekki annað en mannþekkingu til að treysta mér í þessu. Þeir sem mannþekklar eru, munu glögg skilja, að menntun mín er af því tagi, og skapferli, að ég mundi ekki koma með stórkostlegar staðhæfingar og fögur fyrirheit, ef ekki hefði ég áður séð fyrir þeirri undirstöðu sem treysta má.

9. des. '22